

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


September 2025

Trú landsmanna

Ríflega 41% landsmanna segist vera trúað á meðan rúmlega 35% segjast ekki trúuð og rösklega 23% segjast vera trúleysingjar.

Fyrir um áratug sögðust talsvert fleiri vera trúuð, eða rúmlega 53% á meðan tæplega 32% sögðust ekki trúuð og 15% sögðust vera trúleysingjar. Premur árum fyrir það voru enn fleiri trúuð, eða nær 58% á meðan nær 32% sögðust ekki trúuð og tæplega 11% trúleysingjar. *1


Myndir þú segja að þú sért trúaður einstaklingur, ekki trúaður einstaklingur eða trúleysingi? *1



Konur segjast frekar trúaðar en karlar, sem segjast aftur á móti frekar en konur vera trúleysingjar. Þetta á þó ekki við um yngsta aldurshópinn en þar segjast talsvert fleiri karlar en konur vera trúaðir. Eldra fólk er mun frekar trúað en yngra. Nær sjö af hverjum tíu yfir sjötugu eru trúuð, tæplega sex af hverjum tíu milli fimmtugs og sjötugs en tæplega þrjú af hverjum tíu undir fimmtugu. Greining á nýjum og eldri gögnum sýnir að þetta tengist frekar kynslóðum en aldri, þ.e. fólk fætt síðastliðin 50 ár er almennt síður trúað en fólk fætt fyrir það og hefur viðhorf þessara kynslóða haldist stöðugt yfir tíma.

Íbúar landsbyggðarinnar eru frekar trúaðir en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Fólk sem hefur ekki lokið framhaldsskólaprófi er frekar trúað en þau sem hafa meiri menntun. Þau sem kysu Sjálfstæðisflokkinn ef kosið yrði til Alþingis í dag eru líklegri en þau sem kysu aðra flokka til að vera trúuð á meðan þau sem kysu aðra flokka en nú eiga sæti á þingi eru ólíklegust til þess.

Greiningar



Spurt var:

- Myndir þú segja að þú sért trúður einstaklingur, ekki trúður einstaklingur eða trúleysingi? ^{*1}

^{*1} Orðalag spurningar var örlítið öðruvísi í fyrri mælingum:

Burtséð frá því hvort þú sækir trúarlegar samkomur eða staði, myndir þú segja að þú værir trúður einstaklingur, ekki trúður einstaklingur eða trúleysingi? / Óháð því hvort þú sækir kirkju, eða annan stað þar sem trú er iðkuð, myndir þú segja að þú sért trúður einstaklingur, ekki trúður einstaklingur eða trúleysingi?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 20. júní til 9. júlí og 16. - 30. júlí 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.799 og þátttökuhlutfall var 44,7%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.